



Varðandi: Menningarnótt - Akranes heiðursgestur

Málsnúmer: 1707027

Dagsetning: 12. júlí 2017

TILLAGA:

Bæjarráð samþykkir að veita aukafjárveitingu 1,0 mkr vegna boðs Reykjavíkurborgar um að Akranes verði heiðursgestur menningarnætur 2017.

Fjármunum verður ráðstafað af liðnum 20830-4995.

GREINARGERÐ: Reykjavíkurborg hefur boðið Akraneskaupstað að verða heiðursgestur menningarnætur 2017. Því boði hefur verið tekið. Drög að dagskrá fyrir Akranes hefur verið skipulögð og er hún eftirfarandi:

- Móttökuathöfn í Víkinni (Sjómannasafn og veitingastaður) þar sem borgarstjóri bíður Akranes velkomin, ræðuhöld og sitt hvað fleira t.d. tónlistaratriði.
- Völdu listafólki af Skaganum yrði boðið að vera í Víkinni og sýna list sína t.d. myndlist, tónlist, leirlist o.þ.h. Áhersla verður á bæjarlistamenn Akraness síðustu ára. Erum í sambandi við vertinn á staðnum með aðstöðu en næstu daga mun skýrast hversu vegleg þessi móttaka verður.
- Sýningin Keltnesk arfleifð á Vesturlandi verði sett upp ef húsrými leyfir.
- Akranesferjan mun fara mikið af aukaferðum þennan dag á hagstæðum kjörum og er ætlunin að bjóða upp á tónlistaratriði um borð.

Áætlað er að kostnaður fyrir listamenn, mögulegt hljóðkerfi, prentun ofl. verði um kr. 1.000.000.



Akraneskaupstaður

Með vísan til framanritaðs gerir bærarstjóri ofangreinda tillögu.

Sævar Freyr Þráinsson

Sævar Freyr Þráinsson

bærarstjóri